

# Encyclopædica Britannica;

ELLER, ET ANTAL

## FREMSTILLINGER

OM

de fkiønne og nyttige

V I D E N S K A B E R,

I HVILKE DISKURSER

diverse Phænomeners

BESKRIVELSER & FORKLARINGER gives

TILLIGE MED

adskillige befunderlige og færdeeles OBSERVATIONER, <sup>o<sup>a</sup></sup>  
i Øst og Vest

---

ILLUSTREREDE MED XXV TIL DEELS COLOREREDE AFBILDNINGER.

---

*Udgivne af en KREDS af DANNEQVINDER paa AMAGER.*

---

I FORELØBIG EET VOLUMEN.

---

VOL. I.

---

HAFNIÆ.

Trykt for R. MÓSESÐÓTTIR og J. LOUIS-JENSEN  
Og folgt af FLORIAN GRAMMEL, i hans Tryk-Comptoir, Nialsgade.

MMVII

*Festskrift til  
Britta Olrik Frederiksen  
i anledning af hendes 60-årsdag  
den 5. december 2007*

*ved  
Florian Grammel, Jonna Louis-Jensen og Ragnheiður Mósedóttir*

Copyright © 2007 forfatterne

Første oplæg i fire eksemplarer 5. december 2007

Anden noget forbedrede elektroniske udgave 2007  
[http://nfi.ku.dk/publikationer/encyclopaedica\\_brittanica/](http://nfi.ku.dk/publikationer/encyclopaedica_brittanica/)

ISBN 978 87 992447 0 6

*Sat med "Andron Corpus" af Florian Grammel*

*Første oplægs indbinding ved*

*Sille Bræmer Enke, Natasha Fazlić og Mette Jakobsen*

# ATHUGASEMDIR UM KJALLEKLINGA SÖGU

EINAR G. PÉTURSSON

Höfundur þessa greinarstúfs er ólærður í austnorrænum fræðum sem er fræðasvið viðtakanda. Aftur á móti hyggst hann fara vestur á land á Íslandi og fjalla um sögu, sem aðeins finnst í útdrætti í *Landnámu*. Þar er hann á heimaslóðum og hyggst nýta sér kunnugleika á staðháttum til að koma með fáeinar athugasemdir en einkum nýjan skilning á hvort um sérnafn eða samnafn er að ræða á fáeinum stöðum í útdrættinum úr sögunni.

Sagan hefur í fræðiritum verið nefnd *Kjalleklinga saga* en það nafn er tilbúningur fræðimanna frá seinustu tímum. Sögunnar er eðlilega nokkuð getið í útgáfu Jakobs Benediktssonar á *Landnámu* 1968 á vegum Hins íslenzka fornritafélags, og er þar nokkuð fjallað um staðhætti. Áður hafði mest um söguna skrifað Finnur Jónsson í grein í *Skírni* 1927, sem hann nefndi “Kjalleklingasaga (?)”. Fyrst birti hann texta *Landnámu*, setti upp ættarskrár og rakti nokkuð staðfræði sögunnar. Þar var niðurstaða Finns (s. 112): “allt það, sem sagan getur um, fer fram á litlu svæði, í nánd við Staðarfell, eða í austurhluta Fellsstrandarhrepps”. Greinin var eðlilega skrifborðsverk, en eins og síðar getur gerast sumir atburðir í vesturhluta hreppsins, eða á útströndinni eins og sagt er enn á Fellsströnd.

Finnur hélt frekar, að í *Landnámu* væri varðveitt “meginefni” sögunnar, þótt ekki gæti hann verið viss. Þar sem útdrátturinn hefur

jafnan þótt torskilinn verður það þó að teljast ólíklegra en hitt. Aftur á móti sagði Jón Jóhannesson í *Gerðir Landnámaabókar* um þessa frá-sögn (s. 100): “Hún er lítt skiljanleg til hlítar sökum þess, að einungis er tæpt á meginatriðum, en samhengið er óljóst.” Ástæðuna taldi Jón vera “að hún sé útdráttur úr allefnismikilli, ritaðri sögu”. Ekki mun mönnum verða samhengið í sögunni ljóst eða verða vissir um hvort meginefni hennar er varðveitt, fyrr en sagan öll kemur í leitirnar, en til þess er nú ekki lengur mikil von.

Loks rakti Finnur efni sögunnar. Það verður ekki endurtekið hér, en þó verður að gera nokkra grein fyrir þeim efnisatriðum, sem koma þessu máli við. Kjallakur bjó á Kjallaksstöðum og einn sona hans Þorgrímur bjó undir Felli, þ. e. Staðarfelli. Síðan segir í *Sturlubók* í útgáfu Jakobs Benediktssonar (s. 148):

Álof, dóttir Þorgríms undir Felli, tók ærsl; þat kenndu menn Hrafsa, en hann tók Oddmar hjá hvílu hennar, ok sagði hann sik valda. Þá gaf Þorgrímr honum Deildarey. Hrafsi kvazk mundu hoggva Oddmar á Birni áðr hann boetti fyrir hann. Eigi vildi Kjallakr láta eyna. Hrafsi tók fé þeira ór torfnausti. Kjallakssynir fóru eptir ok náðu eigi. Eptir þat stukku þeir Eilífr ok Hrafsi í eyna.

Síðan varð bardagi í eyinni, en hann er ekki hér til umræðu. Um gjöf eyjarinnar sagði Finnur Jónsson (s. 112–113):

Svo lítur út fyrir sem Þorgrímur, faðir Álofar, hafi verið hlyntari Oddmari ... og gefið honum Deildarey; af því að þessi ey heyrir Staðarfelli til, er líklegast, að hún hafi þá og heyrð undir þann bæ, en Kjallakur faðir Þorgríms hefur ekki viljað, að eyin væri gefinn (!) — hverja þýðingu þetta atriði kann að hafa haft, er með öllu óljóst.

Deildarey heyrir Staðarfelli til og svo hefur verið að minnsta kosti frá því 1451, en þá lukti Úlfrún Þorsteinsdóttir eyna kirkjunni ásamt fleiri eyjum (Íslenzkt fornbréfasafn. V. nr. 79). Hinar eyjarnar tilheyra enn Staðarfelli, svo líklegast er að Deildarey hafi þá einnig legið undir jörðina. Aftur á móti er mjög svo skiljanlegt að Kjallakur hafi ekki viljað láta eyna, því að hún liggur undan landi Kjallaksstaða, en meira en 10 kílómetrum frá landi Staðarfells. Óeðlilegt er því landfræðilega að Deildarey heyri undir þá jörð, því að hér er komið á útströndina eða í útpart Fellsstrandarhrepps. Fyrir liðlega hálfri öld hafði bóndinn á Kjallaksstöðum mikinn hug á því að ná eyinni undir jörð sína.

Torfnaust hafa allir skilið sem samnafn, en þar er örugglega átt við lendingarstað við Torfnæs í landi Ytrafells, sem er næsti bær innan við Kjallaksstaði. Úr Torfnesi er stutt út í Deildarey og liggur vel við að fara þaðan þangað og í aðrar eyjar í nágrenninu. Heimildir um nafnið eru til frá því seint á 16. öld í óprentuðum kirknaskjölum í Þjóðskjalasafni, en þar vitna þrír menn á árunum 1592–94, “ad halfkyrkian j Galltardals Tungu, ætte skips upp satur, i Tornese i Ytrafells landj.” Bréfin eru í uppskrift frá 1729. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* segir um Galtardalstungu (VI. s. 111) “á skipsuppsátur í Torfnesi ár um kríng”. Hér hlýtur alls staðar að vera um sama stað að ræða og sjást þar enn rústir af nausti. Samkvæmt þessu er rétt að telja Torfnaust sérnafn.

Síðar í útdrættinum er frásögnin miklu óljósari en áður var, en þar stendur í texta *Hauksbókar*, að Hrafsi hafi kastað Þórði Vífilssyni ofan “fyrir kleif”. Kleif er enn þann dag í dag notað um skörð í Fellið fyrir ofan bæina á strandlengjunni á Fellsströnd, en bæjaröð er þar tvískipt. Virðist þarna verið að vísa til einhverrar af þessum kleifum,

en hér þyrfti frásögnin að vera skýrari til að hægt yrði að segja til um hvaða kleif þarna kæmi helst til greina.

Niðurstaðan er þá eftirfarandi: Torfnaust og Kleif, sem nefnd eru í útdrættinum úr *Kjalleklinga sögu* eru sérnöfn, örnefni, en ekki samnöfn.